

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

149. löggjafarþing 2018–2019
Þingskjal 631 — 443. mál
Stjórnartillaga

Umsögn send til nefndasviðs Alþingis

Reykjavík, 14. janúar 2019
Sendandi: Mímir-símenntun ehf

Umsögn vegna tillögu frá mennta- og menningarmálaráðherra til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Almennar athugasemdir

Mímir-símenntun fagnar tillögu ráðherra mennta- og menningarmála um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Í umsögn sinni mun Mímir sérstaklega horfa til þess í tillögu ráðherra sem snýr að innflytjendum enda er gríðarleg þekking hjá Mími á því að kenna innflytjendum íslensku. Hjá Mími hafa verið haldin íslenskunámskeið fyrir fullorðna innflytjendur í hartnær 20 ár. Framkvæmd námskeiðanna er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti en úthlutað er samkvæmt árlegum umsóknum og uppgjöri á fjölda námskeiða og nemenda.

Eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími hefur aukist undanfarin ár og síðustu tvö ár hafa samtals um 2800 nemendur lokið námi hjá Mími.

Ekkert lát virðist ætla að verða á eftirspurninni sem hefur aukist stöðugt síðustu ár, hvort sem er frá einstaklingum eða vinnustöðum. Þessi þróun helst í hendur við þá aukningu á hlutfalli erlends vinnuafls á Íslandi sem eykst hratt á milli ára eins og mynd og tölur frá ASÍ sýna:

„Aukin eftirspurn eftir starfsfólki í ferðaþjónustu og byggingariðnaði hefur kallað á aðflutning erlends starfsfólks hingað til lands í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Árið 2017 var fjöldi erlendra ríkisborgara sem fluttust til Íslands umfram þá sem fluttust héðan í sögulegu hámarki og nú er talið að erlent launafólk sé a.m.k. 12-13% launafólks á Íslandi.“ (Skýrsla ASÍ: *Íslenskur vinnumarkaður*, mars 2018).

Á sama tíma og það er fagnaðarefni hve margir aðfluttra vilja læra móðurmál okkar Íslendinga til að eiga þess betri kost að aðlagast íslensku samfélagi – og að sama skapi hve margir vinnustaðir eru tilbúnir til að styðja erlent vinnuafl sitt til íslenskunáms (oftar en ekki á vinnutíma), er það mikið áhyggjuefni að úthlutað fjármagn frá ríkinu til málaflokksins haldist ekki í hendur við fjölgun útlendinga á Íslandi.

Á milli tvö og þrjú þúsund innflytjendur heimsækja Mími á ári hverju til að sækja sér nám og ráðgjöf og/eða breyta próf fyrir íslenskan ríkisborgararétt. Mímir hefur því sérstöðu hvað þetta varðar enda ekki vitað til þess að annar eins fjöldi innflytjenda sækji sér slíka þjónustu hjá öðru fyrirtæki eða stofnun á Íslandi.

Vænlegt væri að horfa til Norðurlandanna um móttöku innflytjenda, skilyrði um að læra tungumálið, aðgengi að námi við hæfi, fjölbreyttum námstækifærum og tengslum við atvinnulífið hvað varðar aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Í þeirri aðlögun má skipulögð samfélagsfræðsla og aðgengi að upplýsingum ekki gleymast, en oft er tilviljunum háð hvernig og hvaða upplýsingar um réttindi, skyldur og þjónustu innflytjendur búa yfir.

Nauðsynlegt er að kveða á um námskrá og rétt innflytjenda til íslenskukennslu í lögum til þess að gera hóp innflytjenda sýnilegan í menntakerfinu og tryggja rétt þeirra til íslenskukennslu.

Viðmið um gæði fræðslu þurfa að vera skýr og fræðsluaðilar að uppfylla gæðakröfur um fræðslu sbr. önnur skólastig. Meðal annars þarf að horfa til þátta eins og stjórnunar, aðstöðu, mannauðs, upplýsingagjafar, námsframboðs og kennslu, námsmats, líðan nemenda og starfsfólks, varðveislu gagna, sjálfsmats, meðferð kvartana og lykilárangurs. Þá þykir nauðsynlegt að fræðsluaðilar skrái helstu upplýsingar um námsstöðu og námsárangur í *samræmdan gagnagrunn* til að auðvelda úrvinnslu, tölfraeði og mat á námi milli skóla. Þá þurfa nemendur að geta nálgast námsferil sinn í gegnum island.is.

3. grein. Íslenska sem annað mál

Auk þess að skapa fjölbreytt tækifæri til íslenskunáms og tryggja stuðning við þarfir þurfa að vera námskeið í boði við hæfi ólíkra nemendahópa. Samsetning innflytjenda hefur breyst afar mikið á undanförunum árum og fleira fólk þarf sérhæfðara íslenskunám í minni hópum og lengri tíma til að ná tökum á náminu. Fjárframlög til málaflokksins þurfa að taka mið af þessari staðreynd.

Tekið er undir nauðsyn þess að hvetja til jákvæðrar umræðu um aukið umburðarlyndi gagnvart íslensku af ýmsum toga hvað varðar framburð og málnotkun. En það er einnig nauðsynlegt að hvetja fólk og sérstaklega það sem starfar við þjónustu og móttöku að nota íslensku í samskiptum.

Í tengslum við íslensku sem annað mál fyrir fullorðna innflytjendur þarf að þróa fleiri tækifæri til hagnýts starfstengds náms þar sem fléttað er saman námi í íslensku og starfstengdu námi, jafnvel með tækifæri á starfsþjálfun í framhaldi þar sem áfram væri unnið að því að þjálfra íslensku á vinnustaðnum sem hluta af náminu.

6. grein. Starfsþróun kennara

Hvað varðar *starfsþróun kennara* verður að huga sérstaklega að kennurum sem kenna fullorðnum innflytjendum. Meirihluti þeirra eru verktakar og því erfitt um vik fyrir fræðlustofnanir að ganga að starfskröftum þeirra sem vísun eða gera kröfur um endurmenntun. Símenntunarstöðvar hafa ekki tök á að sinna slíkri starfsþróun án stuðnings hins opinbera. Vert er að taka fram að á Norðurlöndunum geta kennarar sérhæft sig í tungumálakennslu fullorðinna innflytjenda og eru fastráðnir sem slíkir hjá skólum.

Það er mikil þörf á að koma á slíku kerfi hér á landi. Ekki síst til að auka fagmennsku og gæði, fá tækifæri til að auka notkun tækni í kennslu og þróa áfram nýjar og áhrifaríkar kennsluaðferðir. Samsetning nemendahópa hefur breyst og fjöldi fólks sem hefur litla sem enga menntun, er illa stött í lestri/ólæst á latneskt letur, hefur aukist. Slíkur nemendahópur þarf aðra nálgun og sérhæfðara nám og til að sinna því vel þurfa kennarar menntun og þjálfun.

8. grein. Kennsla á íslensku

Fyrir nemendur af erlendum uppruna á framhaldsskólastigi þarf að huga að tengingu íslenskunáms og starfsnáms á sama tíma auk aukinnar námsaðstoðar til að koma í veg fyrir brottfall.

9. grein. Stafrænt námsefni

„Settur verði hæfniramma um íslenskunám innflytjenda og viðeigandi námsleiðir þróaðar með auknu framboði námskeiða og námsefnis á öllum stigum. Samhliða verði útbúið rafrænt matskerfi til að meta hæfni fullorðinna innflytjenda í íslensku.“

Það er fagnaðarefni að ráðherra leggi áherslu á að skilgreina hæfni fyrir íslenskunám innflytjenda með sérstökum *hæfniramma* þess efnis. Með því má auka samræmi hjá fræðsluaðilum í framboði námskeiða og mati á árangri.

„Til skoðunar er hlutverk ríkisins í námsgagnaútgáfu, hlutverk Menntamálastofnunar, aðkoma sveitarfélaga og einkaaðila, lög um námsgögn, nr. [71/2007](#), námsgagnasjóður og þróunarsjóður námsgagna. Einnig hefur verið hugað að þróun námsgagna fyrir leikskólastig, framhaldsskólastig, tónlistarskóla og framhaldsfræðslu. Áætlað er að þessari endurskoðun ljúki á árinu 2019. Í stefnumótunarvinnu á sviði námsgagna er lögð áhersla á að nemendur á öllum skólastigum hafi aðgengi að fjölbreyttu og vönduðu stafrænu námsefni á íslensku á sem flestum námssviðum. Stafrænt námsefni á íslensku þarf að standast samanburð við það sem best gerist á öðrum tungumálum og vera þannig úr garði gert að það vekji áhuga á íslenskum veruleika og íslenskrari tungu. Sjóðakerfi á vegum ríkisins verði efti í þessu skyni (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2012 og Skýrslu starfshóps um bókmenningarstefnu 2017).“

Námsefni fyrir málaflökkinn þarfnast endurskoðunar og skoða mætti aukna fjölbreytni í framboði námsefnis, sérstaklega með tilliti til tækni. Sérstaklega þarf að huga að efni sem nýtist nemendahópum sem þurfa sérhæfð úrræði og lengra nám til að ná grunntökum í íslensku.

Erlent starfsfólk er stór hluti af íslenskum vinnumarkaði. Námsefni sem gerir ráð fyrir blöndu af staðnámi á vinnustað með kennara og sjálfsnámi gegnum rafræna miðla er einnig þörf fyrir.

Þá er einnig þörf á sérstökum *sjóði* fyrir fræðsluaðila að sækja um í, til að þróa efni, aðferðir og nám fyrir fullorðna innflytjendur sem búa á Íslandi.

10. grein. Íslenskunám fullorðinna innflytjenda

Það er mikið fagnaðarefni að ráðherra mennta- og menningarmála telji ástæðu til að auka fjármagn til málaflokksins:

„Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir nú fræðsluaðilum um 120 m.kr. styrk á ári til íslenskukennslu fullorðinna innflytjenda, með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárlögum. Þessi upphæð hefur ekki hækkað til samræmis við fjölgun innflytjenda og er mikilvægt að breyting verði þar á.“

Nauðsynlegt er að auka framlög til íslenskukennslu útlendinga, sem sættu miklum niðurskurði árið 2010 sem ekki hefur verið bættur að fullu síðan.

Áréttað er að íslenskunám fullorðinna innflytjenda þarf að vera við hæfi og taka mið af bakgrunni fólks og ólíkum þörfum. Gera þarf fólki mögulegt að stunda nám, hvort sem það er heimavinnandi með börn, í atvinnuleit, í endurhæfingu eða í starfi. Námið þarf að uppfylla gæðakröfur, vera markvisst og aðlaðandi. Til þess þarf tryggt fjármagn, sveigjanleika, gott skipulag og góða kennslu.

„Aðlaga þarf nám, námsgögn og námsmat að rafrænu umhverfi, t.d. með því að smíða rafrænt matskerfi svo innflytjendur geti metið hæfni sína í íslensku. Sú tillaga er í samræmi við aðgerð í fjármálaáætlun 2019–2023 þar sem fram kemur að eitt meginmarkmið sé skilgreint sérstaklega fyrir málaflokkinn, þ.e. að auðvelda fullorðnu fólki sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi að afla sér menntunar og starfsréttinda. Í því sambandi er sett fram aðgerð sem felst í því að þýða og aðlaga evrópskt rafrænt matstæki fyrir grunnleikni í íslensku, stærðfræði, ensku og upplýsingatækni (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2015).“

Mímir hefur nú þegar lagt grunninn að *rafrænu matskerfi* til að meta hæfni fullorðinna innflytjenda í íslensku. Æskilegt er að slíkt matskerfi verði staðlað milli fræðsluaðila.

Margir innflytjendur starfa ekki við það sem þeir eru með menntun til. Einungis brot af þeim sem starfa hér á landi hafa sótt um *viðurkenningu* á sinni menntun. Nauðsynlegt er að auka upplýsingagjöf um möguleika á viðurkenningu menntunar og æskilegt að innflytjendur geti leitað til sérstakra þjónustumiðstöðva sem liðsinna þeim við úrlausn ýmissa mála þar sem reynir á tungumálakunnáttu í samskiptum við stjórnvöld, til dæmis er þeir vilja sækja um viðurkenningu á menntun sinni frá heimalandinu.

Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um rétt innflytjenda til *raunfærnimats* í þeim tilgangi að gera menntun þeirra sýnilega. Í raunfærnimati reynir á tungumálakunnáttu og það hefur takmarkað möguleika innflytjenda á að nýta sér þessa þjónustu. Því þurfa stjórnvöld að leita leiða til þess að gera raunfærnimat að vænlegum kosti fyrir fólk sem talar önnur tungumál en íslensku, t.d. með öflugri *túlkþjónustu* eða með því að tengja íslenskukennslu því sérsviði sem menn hafa aflað sér menntunar til. Þörf er á að bjóða upp á nám samfélagstúlka til þess að byggja upp þann mannauð sem getur komið að liði hér. Mímir hefur, í samstarfi við hagsmunaaðila, hæfnigreint starf samfélagstúlka og vinnur nú að gerð námskrár

samfélagstúlka í samræmi við niðurstöður greiningarinnar. Leitast verður við að fá vottun Menntamálastofnunar á námskrána.

Námskrár í íslensku fyrir útlendinga eru frá 2008 og 2010. Þörf er á endurskoðun þeirra og jafnframt að huga að lagalegri stöðu þeirra. Íslenskukennsla útlendinga er hluti af vernd íslenskrar tungu og því mjög svo málefni stjórnvalda og mikilvægur hluti af því að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Fyrir hönd Mímis-símenntunar,



Sólveig Hildur Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri
Mímir-símenntun